

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. júní 2021 vegna auglýsingar tillögu að hverfisskipulagi í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti.

Góðan dag,

Vakin er athygli á því að auglýsing fyrir tillögu að hverfisskipulagi í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti birtist í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu í dag.

Í samræmi við 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að hverfisskipulagi í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. júní 2021 og borgarráði Reykjavíkur þann 10. júní 2021 og borgarstjórn 15. júní var samþykkt að auglýsa tillögu að hverfisskipulagi í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti. Hverfisskipulag er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi við samþykkt hverfisskipulags.

Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, bæta þjónustu, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum.

Samhliða er auglýst breyting á leiðbeiningum hverfisskipulags í Reykjavíkurborg sem heitir *Fjölgun íbúða*. Í leiðbeiningunum kemur fram hvernig mögulegt er að útfæra byggingarheimildir sem gefnar eru í hverfisskipulagi.

Sýning á tillögum fyrir hverfisskipulag í Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholt

- Göngugötunni í Mjódd: 19. til 26. júní kl. 11:30 til 18:00
- Borgartúni 12-14: 28. júní til 23. ágúst kl. 8:30 til 16:00

Íbúafundur verður haldinn í Gerðubergi 24. júní kl. 17.00 til 18.30 til að kynna helstu tillögur.

Kynningin stendur í 8 vikur og lýkur 23. ágúst 2021.

Tillögur að hverfisskipulagi eru aðgengilegar á vefnum; <http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu> og á <https://skipulag.reykjavik.is/hverfaskipulag/breidholt>.

Íbúar og hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér tillögunar. Ábendingum og athugasemdum við tillögur að hverfisskipulagi í 6.1. Neðra Breiðholt, 6.2. Seljahverfi og 6.3. Efra Breiðholt skal skilað skriflega til skipulagsfulltrúa Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 23. ágúst 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Helena Stefánsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

helena.stefansdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.